

hafi í janúar 1938 ekki verið svo heill heilsu, að hann hafi verið fær um að ráðstafa fjárhagslegum og persónulegum hagsmunum sínum, þá þykir fullnægt skilyrðum til þess að leggja fram læknisfræðileg gögn um heilsu Einars Benediktssonar skálds, þ. m. t. krufningarskýrslu, og leiða sem vitni þá lækna, sem um þessi atriði kunna að bera, skv. 10. gr. laga nr. 80/1969.

Ekki þykja efni til þess að vefengja undirskriftir stefnenda að ofangreindum umboðum.

Því úrskurðast, að lögmanni stefnenda er heimilt að leggja fram vottorð dr. med. Ólafs Bjarnasonar og leiða hann til yfirheyrslu.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Lögmanni stefnenda er heimilt að leggja fram vottorð dr. med. Ólafs Bjarnasonar og leiða hann til yfirheyrslu.

Föstudaginn 4. maí 1979.

Nr. 133/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Guðbergi Ólafssyni
(Hákon Árnason hrl.).

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Héraðsdóm kvað upp Viðar Á. Olsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Dómari birti ákærða ákæru hinn 30. nóvember 1976. Lýsti ákærði þá yfir því, að hann óskaði ekki eftir, að sér yrði skipaður verjandi. Hvorki ritaði dómari á ákæru ákvörðun sína um stað og stund til þingfestingar málsins, sbr. 4. málsg. 115. gr. laga nr. 74/1974, sem þá gildi, né tilkynnti honum þinghald með öðrum hætti eftir því sem sakargögn bera með sér. Sama dag þingfesti dómariinn málið í sakadómi Keflavíkur með því að leggja fram ákæru og sakargögn, en ákærði kom eigi fyrir dóminn. Tók dómariinn að svo búnu málið til dóms og kvað upp í því samdægurs hinn áfrýjaða dóm. Þessir dómskapahættir ganga í berhögg við 1. málsg. 121. gr. laga nr. 74/1974, og þykir ekki verða hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferðina frá og með þingfestingu málsins hinn 30. nóvember 1976.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þingfestingu málsins hinn 30. nóvember 1976 eiga að vera ómerk.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðbergs Ólafssonar, fyrir Hæstarétti, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 30. nóvember 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæru, dagsettri 27. október 1976, á hendur Guðbergi Ólafssyni bifreiðarstjóra, Smáratúni 31, Keflavík, fæddum 7. ágúst 1927 á Vatnsleysuströnd, fyrir brot gegn 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr., a lið, 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 48. gr., sbr.

111. gr. lögreglusamþykktar fyrir Keflavík nr. 121/1953, sbr. 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga, með því að hafa þriðjudaginn 12. ágúst 1975 ekið bifreiðinni Ö 464 óvarlega og með allt að 58 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir Hringbraut í Keflavík.

Krefst ákærvaldið þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1961 3/5 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 200 gr. sekt fyrir brot á umferðarlögum og reglugerð um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

Málsatvik.

Atvik máls þessa eru þau, að þriðjudaginn 12. ágúst 1975 voru lögreglumenn í Keflavík við hraðamælingar með ratsjá á Hringbraut í Keflavík. Mældu þeir þá á vegarkafila hraða bifreiðarinnar Ö 464, sem ekið var í suðurátt, og sýndi ratsjain, að bifreiðinni var ekið á 58 km hraða miðað við klst. Ökumaður bifreiðarinnar var Guðbergur Ólafsson, ákærði í máli þessu. Dagsbirta var, er akstur þessi fór fram, en vegur blautur. Leyfilegur hámarkshraði í Keflavík er 35 km miðað við klst.

Ákærða var gefinn kostur á að ljúka máli þessu án dómsmeðferðar, með greiðslu sektar, kr. 2.500, til ríkissjóðs. Þessu boði hafnaði ákærði, sem er leigubifreiðarstjóri í Keflavík, og óskaði eftir, að málið yrði tekið fyrir í sakadómi, og var það gert hinn 10. ágúst 1976.

Greindi ákærði þá svo frá, að hann hefði verið pantaður að Hringbraut 59 í Keflavík umræddan dag. Þar hefði kona komið í bifreið mætta (sic), Ö 464, og beðið um, að henni yrði ekið fljótt niður á sjúkrahús. Kvaðst ákærði hafa ekið suður Hringbraut og lögregla þá haft afskipti af honum. Ákærði kvaðst ekki hafa fylgst með hraða bifreiðarinnar í greint sinn. Þá greindi ákærði svo frá, að farþegi hans í greint sinn hefði hvorki borið einkenni þess, að hann væri slasaður né mikið sjúkur. Ákærði kvaðst ekki hafa ástæðu til að rengja hraðamælingu lögreglunnar.

Niðurstaða.

Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið, og gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, Ö 464, með

58 km hraða miðað við klst. á Hringbraut í Keflavík hinn 12. ágúst 1975, en leyfður hámarkshraði þar er 35 km miðað við klst. Verður ekki talið, að ákærði hafi sýnt fram á, að þau atvik hafi verið fyrir hendi, sem gert hafi framangreindan akstur refsilausan. Telst hann því hafa gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt lýst. Er háttsemin og færð þar til rétttra refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt, kr. 7.500, til ríkissjóðs, en í stað sektarinnar komi 3ja daga varðhald, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa. Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Ólafsson, greiði sekt, kr. 7.500, til ríkissjóðs, en í stað sektarinnar komi varðhald í 3 daga, verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. maí 1979.

Nr. 74/1979. **Guðmundur Ásgeirsson**
 gegn
bæjarsjóði Neskaupstaðar.

Kærumál. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem bókuð var í bæjarþingsbók Neskaupstaðar 23. janúar 1979. Hann krefst þess, að frávísunardóminum verði hrund-